



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Félagsráðsfundur haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 6. júní 2013 kl 17:30

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMF Stjörnunnar, Þorsteinn Þorbergsson aðalstjórn, Sæmundur Friðjónsson frá knattspyrnudeild, Hilmar Júlíusson körfuknattleiksdeild. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar - samþykkt

- Bent var á breytingu á fundarsköpum aðalstjórnar að fundargerð telst samþykkt hafi ekki borist athugasemd innan tveggja virkra daga eftir að fundargerð er send út.

2. Bréf Ríkisskattstjóra dags. 15. apríl 2013

- Framkvæmdastjóri fór yfir bréfið og gerði grein fyrir bókun aðalstjórnar vegna þess.
„Aðalstjórn leggur ríka áherslu á að rekstur félagsins samræmist lögum og felur framkvæmdastjóra að fara yfir áréttingar þær sem tiltekna eru í bréfinu ásamt endurskoðanda félagsins og koma með tillögur að breyttu vinnulagi ef þörf er á.“
- Ljóst er að ef allir starfsmenn félagsins verða launþegar mun það hafa umtalsverðan kostnað í för með sér fyrir félagið t.d. vegna launafulltrúa auk þess sem réttarsamband félagsins við verktaka er annað en við launþega.
- Deildum er bent á að koma ábendingum til framkvæmdastjóra vegna bréfsins á næstu dögum.
- Framkvæmdastjóri og endurskoðandi félagsins munu vinna málið áfram og gera tillögur til aðalstjórnar um viðbrögð fyrir lok ágúst.

3. Samfélagsdagur UMF Stjörnunnar

- Formaður fór yfir aðdraganda verkefnisins og tenginu þess við stefnumótun félagsins.
- Framkvæmdastjóri kynnti drög að dagskrá dagsins og fór yfir þær forsendur sem liggja til grundvallar framkvæmdinni. Áhersla er lögð á þátttöku leikmanna meistaraflokka og yfirþjálfara yngri flokka í verkefninu.
- Fundarmenn sammála um að málið sé í góðum farvegi.
- Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
- Samfélagsdagurinn verður haldinn fimmtudaginn 29. ágúst.

4. Önnur mál

- Rætt um búningamál
Framkvæmdastjóri kynnti árangur í sölu Stjörnugallans á grundvelli samnings við Sportland. Nokkur vonbrigði með selt magn enn sem komið er en vænta má aukinnar sölu í haust.
- Almennur félagsfundur
Seinni félagsfundur verður haldinn fimmtudaginn 20. júní. Deildir eru hvattar til að tryggja mætingu vegna umræðu um afrekssjóð og lagabreytingar sem samþykktar verða á fundinum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Ritað PGr